

**Sp.**

**96. Fyrirspurnir**

[84. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Sigölduvirkjun.

Frá Braga Sigurjónssyni.

- a) Hefur ríkisstjórnin tryggt sér lán til Sigölduvirkjunar, og ef svo er, þá hvar og hve há?
- b) Hvað er áætlað nú, að Sigölduvirkjun muni kosta?
- c) Fyrir hve mikinn hluta orkuframleiðslunnar er þegar tryggður markaður, og hver er hann?

II. Til iðnaðarráðherra um orkuflutning frá Sigöldu til Norðurlands.

Frá Braga Sigurjónssyni.

- a) Hvað er áætlað, að háspennulína frá Sigöldu til Akureyrar muni kosta með núgildandi verðlagi, og við hve mikinn orkuflutning verður hún miðuð?
- b) Hvert verður kostnaðarverð þessa rafmagns komins til Akureyrar miðað við gildandi verðlag?
- c) Mega Norðlendingar vænta þess, að þeim verði ekki selt rafmagn leitt sunnan yfir fjöll á hærra verði en Sunnlendingum — þar með taldir Reykvíkingar — verður selt rafmagn frá Búrfellsvirkjun á sama tíma?

III. Til iðnaðarráðherra um Laxárvirkjun III.

Frá Braga Sigurjónssyni.

- a) Hefur iðnaðarráðherra ekki í huga að freista þess að afla sér lagaheimildar til að láta fullbyggja Laxárvirkjun III?
- b) Hvert væri kostnaðarverð hennar á núgildandi verðlagi?
- c) Hvert væri kostnaðarverð á rafmagni frá henni miðað við stöðvarvegg á Akureyri?

IV. Til menntamálaráðherra um fyrirhugaða laxarækt í Laxá ofan Brúa í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Braga Sigurjónssyni.

- a) Telur menntamálaráðuneytið ekkert við það að athuga frá náttúruverndar- og vistfræðilegu sjónarmiði, að stofnað verði til laxaræktar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan Brúafossa og í Mývatni, þar sem aldrei hefur lax komið fyrr frá upphafi Íslandsbyggðar.
- b) Hefur ráðuneytið í hyggju að banna slíka líffræði- og vistfræðilega röskun, eða afla sér heimildar til slíks banns, hafi það ekki þá heimild?